

## Fundargerð 388

Föstudaginn 4. nóvember 2011, kl. 9:00 kom stjórn Byggðastofnunar saman til fundar að Hótel Héraði, Egilsstöðum. Þessir stjórnarmenn sátu fundinn; Þóroddur Bjarnason formaður, Ásta Dís Óladóttir varaformaður, Guðmundur R. Gíslason, Gunnar Svavarsson, Ólöf Hallgrímsdóttir, Valdimar Hafsteinsson og Matthildur Helgadóttir Jónudóttir varamaður í forföllum Sigurborgar Kr. Hannesdóttur. Auk þeirra sátu fundinn Aðalsteinn Þorsteinsson forstjóri, Magnús Helgason, Hjalti Árnason, Snorri Björn Sigurðsson og Anna Lea Gestsdóttir sem jafnframt ritaði fundargerð.

Formaður setti fund kl. 9:05, og bauð fundarmenn velkomna. Fundarmenn kynntu sig þar sem MHJ var að mæta á sinn fyrsta fund. Eftirfarandi dagskrá lá fyrir fundinum.

1. Fundargerð síðasta fundar
2. Útlánasafn Byggðastofnunar – greining
3. Minnisblað um eigið fé Byggðastofnunar
4. Hagvöxtur landshluta – kynning nýrrar skýrslu
5. Staða Byggðastofnunar í stjórnsýslu byggðamála – minnisblað formanns
6. Fullnustueignir – kynning
7. Breyting á starfsreglum
8. Fundargerðir lánanefndar
9. Eyrarrósin – endurnýjun samnings?
10. Reglur um styrkveitingar
11. Önnur mál

### 1. Fundargerð síðasta fundar.

Formaður bar upp fundargerð síðasta fundar og var hún samþykkt samhljóða og undirrituð.

### 2. Útlánasafn Byggðastofnunar – greining.

Á síðasta fundi stjórnar var óskað eftir nánari greiningu á útlánasafni Byggðastofnunar eftir áhættu. MH og AP fóru yfir greininguna. Tæplega 500 viðskiptavinir eru með samtals 17 milljarða í útlánum. Að frádregnum framlögum í varasjóð eru útistandandi lán metin á tæplega 14 milljarða króna.

### 3. Minnisblað um eigið fé Byggðastofnunar.

Formaður greindi frá fundi sínum og AP í iðnaðarráðuneytinu vegna eigin fjár stöðu Byggðastofnunar. Í framhaldi þess fundar var útbúið minnisblað til iðnaðar- og fjármálaráðuneytisins sem var lagt fram á fundinum. Reiknað er með að formaður og forstjóri verði kallaðir á fund fjárlaganefndar á næstu dögum.

#### 4. Hagvöxtur landshluta – kynning nýrrar skýrslu.

SB fór yfir nýja skýrslu um hagvöxt landshluta en um er að ræða landshlutareikninga 2004-2009. Í heildina dró landsbyggðin á höfuðborgarsvæðið bæði árin 2008 og 2009. Þegar horft er á allt tímabilið frá 2004 – 2009 var hagvöxtur nokkru meiri á landsbyggðinni en á höfuðborgarsvæðinu. Framleiðsla óx í öllum landshlutum á þessu tímabili. Mestur vöxtur mældist á Suðurnesjum og Austurlandi, en minnstur á Norðurlandi og Vestfjörðum. Sjávarútvegur dróst saman á Norðurlandi og Austfjörðum, en jókst mikið á Suðurnesjum. Framleiðsla á mann jókst minnst á Norðurlandi og Suðurlandi á árunum 2004 – 2009, en langmest á Austurlandi. Annars staðar var vöxturinn á bilinu 20-30%.

#### 5. Staða Byggðastofnunar í stjórnsýslu byggðamála – minnisblað formanns.

Formaður kynnti minnisblað um stöðu Byggðastofnunar í stjórnsýslu byggðamála sem lagt var fram á fundinum. Formaður leggur til að starfsáætlun Byggðastofnunar fyrir árið 2012 verði skipt í sex kafla. Í hverjum kafla komi fram áherslur stjórnar í viðkomandi efni, afmörkuð markmið sem stefnt skuli að og þær leiðir sem farnar verði til að ná þeim markmiðum. Helstu áherslur stjórnar liggi fyrir að loknum stjórnarfundi í byrjun desember svo hægt sé að hefja vinnu með starfsmönnum stofnunarinnar að skilgreiningu markmiða og leiða. Endanleg tillaga að starfsáætlun 2012 liggi fyrir til samþykktar á stjórnarfundi í lok janúar 2012.

Tillagan var samþykkt samhljóða.

#### 6. Fullnustueignir – kynning.

HÁ fór yfir kynningu á fullnustueignum stofnunarinnar, fjölda þeirra undanfarin ár og kostnað við þær. Hann taldi ekki augljósan fjárhagslegur ávinningur af því að stofna nýtt félag um fullnustueignir stofnunarinnar.

...

#### 7. Breyting á starfsreglum

Formaður og AÐ kynntu tillögu að breytingu á starfsreglum stjórnar Byggðastofnunar. Samkvæmt tillögunni verður gerð breyting á 6. grein á starfsreglum stjórnar sem í dag er eftirfarandi:

*Öll viðskiptaerindi stjórnarmanna og fyrirtækja sem þeir kunna að vera í forsvari fyrir skulu lögð fyrir stjórn Byggðastofnunar.*

Samkvæmt tillögunni verði hún:

*Aðalmenn og varamenn í stjórn Byggðastofnunar, eða fyrirtæki sem þeir eiga eða eru í forsvari fyrir, skulu ekki sækja um lán og/eða styrki hjá stofnuninni.*

*Öll önnur viðskiptaerindi stjórnarmanna og/eða varamanna, og fyrirtækja sem þeir kunna að eiga eða vera í forsvari fyrir skulu lögð fyrir stjórn Byggðastofnunar.*

Samþykkt samhljóða.

## **8. Fundargerð lánanefndar.**

*Fundargerð lánanefndar nr. 12/11, 19. október 2011.*

AP fór yfir fundargerðina.

...

Fundargerðin staðfest.

*Fundargerð lánanefndar nr. 13/11, 26. október 2011.*

AP og ALG fóru yfir fundargerðina.

Fundargerðin staðfest.

## **9. Eyrarrósinn – endurnýjun sammings?**

Frestað til næsta fundar.

## **10. Reglur um styrkveitingar**

Frestað til næsta fundar.

## **11. Önnur mál.**

*Bréf frá Fjármálaeftirlitinu.*

Í fundargögnum var dreifibréf á fjármálafyrirtæki frá Fjármálaeftirlitinu dagsett 1. nóvember 2011, um þátttöku framkvæmdastjóra fjármálafyrirtækis í atvinnurekstri samkvæmt 56. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Í bréfinu er farið fram á að efni þess sé kynnt fyrir stjórn.

*Næsti fundur stjórnar.*

Næsti fundur verður haldinn 9. desember 2011. Nánar verður gerð grein fyrir dagskrá og staðsetningu fundarins þegar nær dregur.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 12:14

Anna Lea Gestsdóttir, fundarritari
